

## Ræsting í hluta af hverfismiðstöðinni í Úlfarsárdal

Tilboð í ofangreindu útboði voru opnuð 17.1.2023 sl. Um er að ræða heildstætt útboð í tvo leikskóla Dalskóla og Miðdal (bókasafn, félagsmiðstöð, salir og sameign). Sundurliðun á rýmum:

1. Leikskólinn Dalur, Úlfarsbraut 118 – 120, um 748 m<sup>2</sup>.
2. Leikskólinn Móar, Úlfarsbraut 122 – 124, um 668 m<sup>2</sup>.
3. Miðdalur, Úlfarsbraut 122 – 124, um 1.763 m<sup>2</sup>.

Tilboðverðin eru uppreiknuð per ár til að bera saman tilboðin. Alls buðu 5 fyrirtæki eftirfarandi :

Bjóðendur:	Tilboðsverð við opnun	Hlutf. af kostn.áætl	Tilboðsverð eftir yfirferð	Hlutf. af kostn.áætl
1 Hreint ehf.	15.844.515	96,03%	15.364.290	93,12%
2 AP-Þrif ehf	24.161.482	146,43%	24.161.482	146,43%
3 iClean ehf	10.643.610	64,51%	10.643.610	64,51%
4 Sólar ehf.	25.484.629	154,45%	25.484.629	154,45%
5 Dagur hf.	18.485.004	112,03%	18.485.004	112,03%
Kostnaðaráætlun	16.500.000	100,00%	16.500.000	100,00%

iClean ehf. uppfyllir ekki kröfur um fjárhagslegt hæfi og er því ógilt.

Innkaupaskrifstofa hefur yfirfarið tilboð Hreint ehf. m.t.t. til krafna um fjárhagslegt hæfi. og staðfestir að Hreint ehf. uppfyllir kröfur um fjárhagslegt hæfi. Kaupandi hefur yfirfarið tilboð Hreint ehf. og staðfestir að kröfur um tæknilega og faglega getu eru uppfylltar.

Núverandi kostnaður af þrifum er um 24.100.000, kr. ársgrundvelli. Tilboð Hreint ehf. er alls 15.364.290, kr. skv. tilboðsblaði. Þannig sparast um 9.000.000, kr. á ársgrundvelli með því að ganga til samninga við Hreint ehf.

Samningurinn gildir í fjögur ár frá því að hann kemst að fullu í framkvæmd. Heimilt er að framlengja tvisvar sinnum, eitt ár í senn. Kaupanda er heimilt að segja upp samning með þriggja mánaða fyrirvara, í fyrsta lagi sex mánuðum eftir gildistöku samnings. Við lok samnings og samþykkt nýs samnings, ef skipt er um verktaka skal aðilum fyrri samnings gefinn þriggja mánaða aðlögunartími áður enn nýr samningur kemst í framkvæmd.

Lagt er til við Innkaupa- og framkvæmdaráð að gengið verði að lágsta gilda tilboði við Hreint ehf. að upphæð 15.364.290, kr.

Reykjavík, 30.1.2023

Virðingarfyllst,

Helga Friðriksdóttir

Rekstrarstjóri mannvirkja í Úlfarsárdal